

## **Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu o.fl. (dvalarrými og dagdvöl), 185. mál.**

Landssamtökin Proskahjálp vísa til umsagnar sinnar, dags. 23. apríl sl., við frumvarpið þegar það var til meðferðar á síðasta þingi<sup>1</sup> og þess sem fram kom þá í máli fulltrúa samtakanna á fundi með velferðarnefnd.

Samtökin ítreka áskorun sína til velferðarnefndar og Alþingis um að búa svo um hnúta að ef frumvarpið verður að lögum verði fulltryggt að að engin hættu verði á að framkvæmd hlutaðeigandi stjórnvalda á grundvelli laganna gangi á nokkurn hátt gegn ákvæðum og markmiðum laga varðandi þjónustu við fatlað fólk og samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hvað varðar tækifæri fatlaðs fólks til sjálfstæðs og eðlilegs lífs til jafns við aðra, rétt þess til að ráða búsetu sinni og útrýmingu stofnanþjónustu við fatlað fólk.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssamtakanna Proskahjálpar

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri

---

<sup>1</sup> <https://www.throskahjalp.is/static/files/PDF-SKJOL/umsogn-heilbrigdisthjonustu.pdf>